

Fallorð – nafnorð, lýsingarorð

1 Greindu fall feitletruðu fallorðanna í eftirfarandi setningum.

2 Finndu fallvaldana.

Fall

Fallvaldur

Skipið sigldi undir brúna .	þf.	undir
Ég vann vel í tímanum .	þgf.	í
Dóttir Páls er fögur.	ef.	dóttir
Við bökuðum saman köku .	þf.	bökuðum
Í gær sá ég sæta kisu .	þf.	sá
Við eigum þennan hest .	þf.	eigum

3 Fallbeygðu eftirfarandi sérnöfn. Gættu þess að **sambeygja** mannanöfnin.

nefnifall	Guðrún Ýr	Stefán Páll
þolfall	Guðrúnu Ýri	Stefán Pál
þágufall	Guðrúnu Ýri	Stefáni Páli
eignarfall	Guðrúnar Ýrar	Stefáns Páls

nefnifall	Karítas Björt	Eygló Sif
þolfall	Karítas Björt(u)	Eygló Sif
þágufall	Karítas Björt(u)	Eygló Sif

eignarfall	Karítasar Bjartar	Eyglóar Sifjar
------------	-------------------	----------------

nefnifall	Birgir Már	Sigríður Mist
þolfall	Birgi Má	Sigríði Mist
þágufall	Birgi Má	Sigríði Mist
eignarfall	Birgis Más	Sigríðar Mistar

3. Þekkir þú frænku (Íris Hrund) **Írisar Hrundar**? Við ætlum að hittast hjá (Jón Egill) **Jóni Agli** á eftir. Pabbi (Arnþrúður) **Arnþrúðar** er sjómaður. Þessi bók er frá (Sigrún Björg) **Sigrúnu Björgu**. Þeir sáu (Sverrir Páll) **Sverri Pál** á tónleikum á sunnudaginn. Hefur þú séð (Anna Sóley) **Önnu Sóleyju** nýlega? Mig dreymdi (Jökull Már) **Jökul Má** í nótt. Á þessari mynd má sjá (Ýr og Héðinn) **Ýri** og **Héðin** keppa í íþróttum.

4 Skrifðu orðin sem eru í svigunum í réttu falli í eyðurnar.

Ég sá (bróðir) **bróður** þinn í sjónvarpinu. Ég þekki (enginn) **engan** betri en (Héðinn) **Héðin**. Gleymdu ekki (trefillinn) **treflinum**. Þú týndir (lykillinn) **lyklinum**. Þekkir þú (systir) **systur** mína? Hefur þú séð (þessi, gamli) **þennan gamla** mann áður? Í (Glerá) **Glerárgili** eru tvö (hrafni) **hrafنشreiður**. Krakkarnir léku úti (allur) **allan** daginn í sumar. (Þórunn) **Þórunni** finnst fiskur besti matur í (heimur) **heimi**. (Þráinn) **Þráinn** hitti (Þórarinn) **Þórarin** í bíó í gærkvöldi. Amma sá (Baldur) **Baldur** koma út úr (gult hús)

gulu húsi. Heiðra skaltu (faðir) **föður** þinn og (móðir) **móður**.

3 Beygðu eftirfarandi orð í eintölu og fleirtölu:

langur fundur, blár penni, gamall hestur, grimmur hundur, hreinn safi, breiður vegur.

nefnifall	langur fundur	blár penni	gamall hestur
þolfall	langan fund	bláan penna	gamlan hest
þágufall	Löngum fundi	bláum penna	gömlum hesti
eignarfall	langs fundar	blás penna	gamals hests
nefnifall	langir fundir	bláir pennar	gamlir hestar
þolfall	langa fundi	bláa penna	gamla hesta
þágufall	löngum fundum	bláum pennum	gömlum hestum
eignarfall	langra funda	blárra penna	gamalla hesta

nefnifall	grimmur hundur	hreinn safi	breiður vegur
þolfall	grimman hund	hreinan safa	breiðan veg
þágufall	grimmum hundi	hreinum safa	breiðum vegi
eignarfall	grimms hunds	hreins safa	breiðs vegar

nefnifall	grimmir hundar	hreinir safar	breiðir vegir
þolfall	grimma hunda	hreina safa	breiða vegi
þágufall	grimmum hundum	hreinum söfum	breiðum vegum
eignarfall	grimmra hunda	hreinna safa	breiðra vega

6 **Fallbeygðu** eftirfarandi orð í eintölu: gluggi, hús, bátur, stofa.

nefnifall	gluggi	hús	bátur	stofa
þolfall	glugga	hús	bát	stofu
þágufall	glugga	húsi	báti/bát	stofu
eignarfall	glugga	húss	báts	stofu

8 Hvaða nafnorð heldur þú að séu **ákveðin** í eftirfarandi texta og hvað gerir þau ákveðin?

Mín skoðun er sú að nemendur í Verkmenntaskólanum á Akureyri hafi staðið sig vel í vetur. Þessir nemendur eiga að geta staðist prófin í lok annar. Fagstjórnin er sérstaklega ánægður með nemendurna en hann telur að Svandís, sem er dóttir húsvorðarins, fái hæstu einkunnirnar.

9. a. Strikaðu undir **lýsingarorðin** í eftirfarandi texta. Hver þeirra eru **beygð veikt**?

b. Prófaðu að skipta um nafnorð þar sem lýsingarorðin standa með nafnorði og hafið þau í öðru kyni. Veljið sjálf orðin og athugið hvort og

hvernig lýsingarorðin breytast.

Einhvern dag í nóvember gekk ég snævipaktar götur með pabba. Hann hélt í hönd mína, og áður en ég vissi af vorum við komnir upp undir grösuga brekkuna þar sem elstu (vb) húsin stóðu, sestir inn í afar lítið eldhús og farnir að drekka kanilkaffi. Út um skítugan glugga sást virðuleg bókhlaðan. Pabbi gamli (vb) talaði hátt og fitlaði við brotin gleraugun, og gráhærða (vb) konan lagði eyrun við, heyrði sumt, en hváði oft. Hún var sífellt að bera gómsætar og girnilegar tertur á borð sem ég réðst á jafnóðum og skar mér stóra sneið af hverri þeirra.

Sagnorð

Germynd og þolmynd.

Sigrún vökvaði blómin í gær.

Blómin voru vökvuð í gær af Sigrúnu.

Í dæmunum hér að ofan er germyndarsetningu breytt í þolmyndarsetningu.

Breyttu eftirfarandi germyndarsetningum á sama hátt í þolmyndarsetningar.

Amma setti upp nýjar gardínur í herberginu mínu.

Nýjar gardínur voru settar upp í herberginu mínu (af ömmu).

Drengurinn hefur alltaf sparkað boltanum beint í mark.

Boltanum hefur alltaf verið sparkað beint í mark (af drengnum).

Kötturinn lepur mjólkina af diskinum.

Mjólkinn var lapinn af diskinum (af kettinum).

Málarinn málaði húsið hvítt og bleikt.

Húsið var málað hvítt og bleikt (af málaranum).

Garðyrkjumaðurinn klippti greinarnar af stóra eikartrénu.

Greinarnar voru klipptar af stóra eikartrénu (af garðyrkjumanninum).

Kokkurinn eldar fisk.

Fiskurinn var eldaður (af kokkinum).

Börnin borða hollan og góðan mat í leikskólanum.

Góður og hollur matur var borðaður á leikskólanum (af börnunum).

- það þarf að nota hjálparsögn, sögnin að 'vera' sett inn
- aðalsögn í lh.þt.
- gerandinn (frumlagið) hverfur eða er settur í forsetningalið með forsetningunni 'af'.